

Margs konar áhrif virkjunar- og stóriðjuframkvæmda verða á Fljótsdalshéraði

Keppt verður við firðina um bestu bitana



Áhrifa ákvörðunar um byggingu álvers í Reyðarfirði er þegar farið að gæta í austfirsku samfélagi. Undir niðri kraumar sú spurning hvar þenslunnar muni gæta mest. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við ýmsa aðila í atvinnulífinu á Fljótsdalshéraði.

HILMAR Gunnlaugsson, lögmaður og fasteignasali, segir líklegt að uppbygging verði mest á Reyðarfirði, en telur að næstu þéttbýliskjarnar þar við muni fá

mjög mikið, þ.m.t. Egilsstaðir.

"Þetta er viðkvæmt mál," segir Hilmar, "það er mikil spennan á fasteignamarkaði á Egilsstöðum og menn eru jafnframt með mjög stórar hugmyndir á Reyðarfirði. Á fasteignamarkaðnum byrjaði að verða vart áhrifa snemma á síðasta ári þegar menn héldu að Norsk Hydro myndi ganga til samninga. Þá fór heilmargt fólk sem var í leiguhúsnæði að kaupa íbúðir, ekki síst niðri á fjörðum og allra mest í Neskaupstað og var þannig að tryggja sig áður en allt byrjaði," segir Hilmar, sem telur að nú sé meira spurt um nýtt húsnæði á Reyðarfirði frekar en á Egilsstöðum. Spurður um fasteignaverð segir Hilmar að það muni hækka verulega á fjörðunum.

"Það er ekki eins mikið svigrúm á Egilsstöðum, þar sem fasteignaverð þar hefur verið mjög gott og ég geri ráð fyrir að þetta jafnist og kæmi ekki á óvart þótt Reyðarfjörður myndi eftir einhver ár síga fram úr. Sjálfsagt mun þó þenslan byrja fyrir á Egilsstöðum vegna þess að það er miklu lengra þar til álverið verður tilbúið."

Stöðug uppbygging á Héraði

Verktakar á Héraði virðast nokkuð sammála um að uppbyggingin dreifist jafnt á Egilsstaði og Fjarðabyggð. Sigurbór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Malarvinnslunnar, segir það sína tilfinningu að framkvæmdirnar komi þó til með að hafa meiri áhrif á Egilsstöðum en menn vilji vera láta. Bæði hvað íbúðarhúsnæði varðar og fyrirtæki sem vilji opna á Egilsstöðum ekki síður en á Reyðarfirði, vegna m.a. samgangna og þeirrar þjónustu sem þar er nú þegar fyrir hendi.

"Það verður til stór vinnustaður á Reyðarfirði, þannig að manni finnst langlíklegast að hvað íbúðarhúsnæði varðar verði mest byggt upp þar. Það er hins vegar spurning hvar margföldunaráhrifa muni mest gæta," segir Björn Sveinsson, framkvæmdastjóri Héraðsverks. Björn segist ekki enn sjá umtalsverða aukningu á verkefnum Héraðsverks.

"Það mun fara rólega af stað. Þegar nær dregur næsta hausti og frá þeim tíma verður mjög mikið að gera. Þá fara í gang önnur útboð og eftir er að bjóða út fjórar eða fimm stíflur, 20 kílómetra af jarðgöngum og stöðvarhúsið og þá fara nú leikar fyrst að æsast."

Pröstur Stefánsson, framkvæmdastjóri ÞS verktaka, telur að gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar geti haft þau áhrif að uppbygging á Reyðarfirði verði meiri en ella hefði verið. "Við erum að tala um fimm ára tímabil framundan og framkvæmdir eru í raun lítið farnar af stað," segir Ómar Bogason, framkvæmdastjóri Trésmiðju Fljótaldalshéraðs.

"Menn eru farnir að sækja um lóðir á Reyðarfirði en mér þykir ólíklegt að mikið verði af íbúðabyggingum í ár. Í hönd fer undirbúningstími og það verður svo árið 2005 sem allt verður á fullu í byggingarframkvæmdum. Ég er sannfærður um að aðaluppbyggingin verður á Reyðarfirði og því svæði. Manni finnst það rökrétt því verksmiðjan verður þar og það er staðreynd að auðveldara er að búa nálægt vinnustað upp á fjölskyldu, vaktaskipti, ferðir og svo framvegis. Ég er líka viss um að þeir í Fjarðabyggð, þ.e. sveitarstjórn og fyrirtæki, muni byggja upp alla nauðsynlega þjónustu á þeim tíma þannig að það verði engir afarkostir að búa á Reyðarfirði. Eins og þetta er í dag hjá þeim, stendur þjónusta ekki undir því að kannski verði fjölgun upp á 1.000 manns á mjög stuttum tíma," segir Ómar.

Hótelin á Fljótaldalshéraði búa sig undir aukningu. Þannig hefur um skeið verið rætt um að hefja framkvæmd viðbyggingar Hótel Héraðs, sem mun stækka það um allt að helming. Gunnlaugur Jónasson, eigandi Gistihússins á Egilsstöðum, segist merkja þenslu á Egilsstöðum í því að erfitt sé orðið að fá iðnaðarmenn til starfa.

Flugfélag Íslands býður nú þrjár ferðir milli Reykjavíkur og Egilsstaða á virkum dögum í stað tveggja áður. Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að það sé tilbúið að auka ferðirnar upp í fjórar á dag og jafnvel meira. Þá megi einnig reikna með að fraktflutningar aukist og beint flug til Egilsstaða erlendis frá verði tíðara.

"Framkvæmdirnar munu hafa verulega mikil áhrif á flug milli Reykjavíkur og Egilsstaða og hafa í för með sér umsvif og breytingar á svæðinu í öllu sem tengist flug-, ferða- og fraktmálum. Við erum búin að tryggja okkur flugvél, komin með fjórða Fokkerinn inn í rekstur hjá okkur næstu tvö árin sem við getum aukið flug á með mjög litlum fyrirvara," segir Jón Karl.

Honum sýnist að Egilsstaðir muni fyrst og fremst þenjast út sem samgöngumiðstöð svæðisins. Þar verði einnig þjónustumiðstöð fyrir allar búðirnar uppi á fjöllum.

"Þjónustan á Egilsstöðum er góð, verslanir góðar og ég held að það verði engin vandamál. Þegar verður farið að byggja álverið mun þetta færast niður á firðina. En til að byrja með verður væntanlega mesta íbúðabyggingin í búðum á virkjanasvæðinu."

Augljóst er að það verður mikill kraftur í hlutunum fyrir austan. Menn sjá það nú þegar í fyrirtækjum eins og til dæmis Húsmiðjunni á Egilsstöðum. Vangaveltur hafa verið um það hvort Baugur muni flytja Bónus og hugsanlega Húsmiðjuna á Reyðarfjörð og voru uppi hugmyndir um sameiginlega lóð fyrir fyrirtækin þar. Nú virðist hins vegar liggja nokkuð ljóst fyrir að Bónus verður áfram á sínum stað á Egilsstöðum. Baugsmenn segja atvinnulífið eystra viðkvæmt og að markaðssvæðið beri ekki tvær verslanir. Það að setja svo stórar einingar sem Bónus víðar inn geti haft mjög slæm áhrif á þá sem fyrir eru og að menn hafi fengið miklar skammir fyrir slíkt.

Sveitarstjórn Austur-Héraðs segir þungamiðjuna á Héraði

Þrátt fyrir að ekki hafi borið jafnmikið á markaðssetningu Austur-Héraðs, og þar með Egilsstaða, sem fýsilegs búsetusvæðis og í Fjarðabyggð, er Austur-Hérað langt komið með heimavinnuna sína og segjast menn þar á bæ albúnir að auka lóðaframboð og samfélagsþjónustu. Þórhallur Pálsson er forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs. "Við gáfum okkur ákveðnar forsendur við vinnu aðalskipulags Austur-Héraðs til ársins 2017, sem voru byggðar á Noral-verkefninu og mati ráðgjafarstofunnar Nýsis," segir Þórhallur einnig. Í kafla aðalskipulagsskýrslunnar um byggð og íbúafjölda segir meðal annars:

"Í aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 er gert ráð fyrir því, til öryggis, að hugsanlega muni ekki nema um 80% af reiknuðum áhrifum framkvæmdanna í formi aðflutnings skila sér inn á Mið-Austurland. Þetta er bæði gert til þess að oftúlka ekki þessar forsendur vegna álversins í heildina tekið og eins til þess að hafa borð fyrir báru gagnvart þeirri augljósu staðreynd, að hreyfanleiki vinnuaflds fer vaxandi í kjölfar stöðugt batnandi samgangna. M.ö.o. að einhver hluti vinnuafldsins muni kjósa að búa utan svæðisins, þótt atvinna sé sótt þangað."

Þórhallur segir jafnframt tilgátu um íbúapróun á Austur-Héraði fram til 2013, sem notuð er sem viðmiðun í aðalskipulaginu þá, að aðflutningurinn vegna álvers muni stöðva fólksfækkun á Mið-Austurlandi utan Austur-Héraðs. Það sem umfram verði, eða um 1.260 manns, muni bætast við íbúatöluna á Austur-Héraði eins og hún hefði ella orðið.

"Þetta þýðir að við reiknum með því að fólksfækkunin á fjörðunum og í byggðunum hér í kringum okkur stöðvist, en við reiknum ekki með verulegri fólksfjölgun þar. Þar er horft á reynslu frá fyrri fjárfestingahrinum á fjörðunum. Kröftugasta uppbyggingarbylgjan á Egilsstöðum var á síldarárunum, önnur sterk bylgja kom á áttunda áratugnum þegar togarnir og frystihúsin voru að byggjast upp og eflast, en á þessum tímabilum var það umfram allt Héraðið sem styrktist hvað varðar íbúafjölda. Það er staðreynd og þetta eru tölur sem mörgum þykja dálítið harðar undir tönn," segir Þórhallur.

Hann reiknar með því að þegar til lengdar láti muni þorrinn af þeirri mannaflaaukningu sem komi í kjölfar framkvæmdanna verða á Mið-Héraði.

"Við sjáum þess líka glögg merki. Á Egilsstöðum hefur verið stöðug byggingarstarfsemi síðustu árin og hjólin í þeirri grein aldrei stöðvast, sem er ólíkt byggðunum í kringum okkur. Við erum síðan 1999 búnir að láta af hendi lóðir undir sjötíu til áttatíu íbúðir og sumar þeirra eru þegar fullbúnar, annars staðar er nýbúið að taka grunn og hús eru á öllum byggingarstigum. Einnig er í gangi undirbúningur varðandi t.d. skólamál, dagvistun, afþreyingu o.fl. á vegum sveitarfélagsins, sem nauðsynlegur er í kjölfarið, auk skipulagningar nýrra byggingarsvæða," segir Þórhallur ennfremur.

Af þessu má ljóst vera að áhrif verðandi framkvæmda á Austurlandi eru svo umfangsmikil að fólk á erfitt með að sjá fyrir sér hvar þau muni helst bera niður og á hvern hátt. Þjarkað er um hvar bestu bitarnir lendi en þó á lágu nótnum, þar sem vonast er eftir að einhverjir molar hrjóti til allra og í heild hafi framkvæmdirnar jákvæð áhrif á efnahags- og mannlíf fjórðungsins. Það virðist þó einsýnt að Reyðarfjörður og Egilsstaðir munu fá stærstan skerf af aðfluttu fólki og bættri þjónustu, en erfitt er að spá um margfeldisáhrif þess á svæðin umhverfis.

